VERKFUNDARGERÐ

Verkheiti Lagning ljósleiðara í Bláskógabyggð		**Verkkaupi** Bláskógabyggð		**Verknúmer**
Fundarefni **Verkfundur #16**		**Fundarstaður** Aratunga		**Nr. fundar** #16
Fundarboðari Guðmundur Daníelsson	**Fundarritari** Guðmundur Daníelsson	**Fundardags.** 09/09/2020	**Fundartími** 11:00	**Dags. Fundarg.** 09/09/2020

Fundarmenn	**Fyrirtæki**
Bjarki Hallvarðsson (BH)	SH Leiðarinn
Guðmundur Daníelsson (GD)	Bláskógabyggð
Ásta Stefánsdóttir (ÁS)	Bláskógabyggð
Bjarni Daníelsson (BD)	Bláskógabyggð

Fjarverandi	**Fyrirtæki**
Hörður Davíðsson(HD)	Bláskógabyggð
Sigurjón Hallvarðsson (SH)	SH Leiðarinn
Böðvar Pétursson (BP)	Digriklettur
Helgi Kjartansson (HK)	Bláskógabyggð
Gunnar Skaptason(GS)	Bláskógabyggð

Dreifing	**Fyrirtæki**
Fundarmenn	

Dagskrá Fundar Skv. fundarboði	**Dagsetning næsta fundar** 23/09-2020	**Tími næsta fundar** 11:00

Staða fundargerðar
☐ Í vinnslu ☐ Drög til yfirlestrar ☒ Lokið

Nr.	Dagskrárliðir	Ábyrgð / ags.
1.	**Fundargerð síðasta fundar** Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og undirrituð.	
2.	**Útistandandi mál frá síðasta verkfundi** Útistandandi mál frá síðasta verkfundi rædd. BD hefur gögn vegna slita á hitaveitu á næsta verkfundi.	
3.	**Framgangur við þá áfanga sem unnið er við** Áfangi 10. Rætt um lögn í gegnum Laugavatn. Búið er að fella stærstu tré á fyrirhugaðri lagnaleið. GD óskaði eftir því verktaki gæfi verkkaupa verðtilboð í að undirbúa lagnaleið á þann hátt að hægt sé að plægja ljósleiðar í lagnaleiðina og skógræktin gæti í framhaldi útbúið göngu/reiðstíg. BP skoðar aðstæður og sendir verðtilboð í verkið. Áfangi 3 er búinn að því marki sem hægt er, áfangi 4, eftir er að tengja einn skáp til þess að áfanganum ljúki að því marki sem hægt er. Áfangi 10: Búið er að plægja stofna í 10, plægja heimtaugar og setja upp húskassa í öllum húsum nema í Lækjarhvammi og hjá RSÍ. Áfangi 7: Byrjað að taka frá húsum og plægja stofninn í átt að Skálholti. Gengið úr skugga um heimtaugarrör að RSÍ á fundinum.	BP
4.	**Næstu skref og áfangar** Áfangi 7 verður kláraður, þá áfangi 9 og að lokum plægt við Laugavant áður en haldið verður í áfanga 6.	
5.	**Önnur mál er varða efni fundarins**	
	Farið yfir breytingar við Útey. Fært á kort, GD lagar vegalengdir. Farið yfir lagnaleið í áfanga 7 og breytingar sem hentugt er að gera m.t.t. til aðstæðna.	GD

E-4-Bláskógaljós

	BH óskaði eftir tengiliðalista yfir áfanga 7. GD útvegar.	GD
	Panta þarf græna brunna vegna strengfjölda.	GD
	BP spyr um Þingvallasvæðið. GD hefur yfirlit yfir stöðu mála á næsta verkfundi.	GD
	BH telur að það vanti pigtail í sendingu frá birgja. BH fer yfir afhendingaseðla og lætur GD vita.	BH
	BP spyr um framgang vegna uppgjörs á blæstri í kjölfar á sliti við vegamóti að Flúðum. GD veit ekki hver staðan er, GD athugar hjá sveitarstjóra.	GD
	Staðsetning á brunnum og skápum. BD sýndi myndir af skápum og brunnum þar sem grípa þarf til ráðstafana. Ýmsar útfærslur af brunnum og útfærslum ræddar. Mikilvægt að velja vel staðsetningar ásamt gerð á hverjum stað. GD pantar græna brunna og verktaki skoðar ábendingar.	GD
	Rætt um plægingar nærri reiðvegum og þá hættu sem getur skapast vegna plógfarsins. BP sagði að reynt væri eftir fremsta megni að plægja ekki í reiðvegi. Sumstaðar væri ekki hjá því komist vegna þrengsla vegna annarra lagna svo sem rafstrengja og vatnslagna.	
	BP spyr um uppgjör áfanga og hvort að hægt sé að flýta greiðslum . GD sagði að grundvöllur uppgjörs væri að öll gögn bærust verkkaupa. Eftir að þau koma líða ekki nema að hámarki 5-6 dagar þar til reikningur getur verið sendur.	
	Fleira ekki rætt.	

Samþykki verktaka

Samþykki verkkaupa